

Mánudaginn 2. júlímán.

Nr. 21/1883

Rjettvísín

gegn

Kristjáni Björnssyni.

Úrskurður:

Áður fullnaðardómur verði lagður á mál það, sem hjer er skotið til yfirdómsins, virðist nauðsyn til bera, að hjeraðsdómarinn útvegi þær ýtarlegri skýrslur og skýringar, er nú skal greina:

1. Skýrslur Jóns bónda Guðmundssonar á Möðruvöllum, Sigurðar Jónassonar á Bakkaseli og Davíðs prófasts Guðmundssonar á Hofi, gefnar fyrir rjetti, um kindur þær, er hinn ákærði, Kristján Björnsson, kveðst hafa stolið frá þeim, og þar á meðal yfirlýsing þeirra um verð kindanna, og hvort þeir krefjast sjer dæmt endurgjald fyrir þær.
2. Yfirlýsingu hins ákærða um, hvort hann gjöri sig ánægðan með virðingu þá á kindunum, sem tiltekin er í hinum áfrýjaða dómi.
3. Eptirrit af dómi þeim, sem gekk yfir hinum ákærða 3. júlí 1869 og embættisvottorð hjeraðsdómarans um, hvenær þeim dómi var veitt fullnusta.

Svo ber undirdómaranum og að útvega aðrar þær upplýsingar, er framangreindar skýrslur og skýrteini kynnu að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Hjeraðsdómaranum ber að útvega skýrslur þær og skýringar, sem að ofan eru tilgreindar, svo fljótt sem verða má.